# Aðalfundur Foreldrafélags Álftanesskóla

Haldinn í sal Álftanesskóla fimmtudaginn 12. maí 2016 kl. 20

# Dagskrá fundarins

1. Setning
2. Kosning embættismanna fundarins, fundarstjóra og fundarritara
3. Formaður flytur skýrslu stjórnar
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins og greinir frá stöðu söfnunarreikninga nemenda
5. Umræður um skýrslu stjórnar og gjaldkera
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnar
8. Kosning skoðunarmanns ársreikninga
9. Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð
10. Önnur mál

# Erindi

**Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum verða skólastjórnendur með erindi um námsmat og nýjan námsmatskvarða í 10. bekk sem búið er að innleiða í Álftanesskóla samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og áhrif þess á námsmatskvarða í 1.-9. bekk í Álftanesskóla. Einnig munu þeir ræða áhrif af styttingu náms í framhaldsskóla á nám í grunnskóla.**

# Stjórn Foreldrafélagsins 2015-2016

* Auður S. Arndal formaður (2013-)
* Anna María Snorradóttir varaformaður (2014-)
* Ingólfur Th. Bachmann gjaldkeri (2012-2016)
* Elín Hlíf Helgadóttir ritari (2015-2016)
* Eiríkur Ágúst Guðjónsson meðstjórnandi (2011-2016)
* Hafrún Þorvaldsdóttir meðstjórnandi (2012-)
* Selma Dagbjört Guðbergsdóttir meðstjórnandi (2015-)

# Fulltrúar foreldra í skólaráði

* Jóhanna S. Snorradóttir (2012-2016)
* Ásta Leonhards (2015-)
* Eiríkur Ágúst Guðjónsson (fulltrúi úr stjórn)

# Skoðunarmaður reikninga

- Kristján Jón Jónatansson (2014-)

# Grunnstoð

## Samstarfsvettvangur foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ

* Auður S. Arndal – í stjórn Grunnstoðar
* Jóhanna S. Snorradóttir – í stjórn Grunnstoðar
* Anna María Snorradóttir – varamaður
* Ásta Leonhards – varamaður

# Grunnstoð

* Grunnstoð heldur fundi með bæjarstjóra Garðabæjar tvisvar sinnum yfir veturinn. Þar gefast fulltrúum hvers skóla fyrir sig tækifæri til að bera erindi upp við bæjarstjóra er varðar hvern skóla. Þessir fundir hafa m.a. verið nýttir til fyrirspurna um húsnæðismál Frístundar og hugsanlega stækkun Álftanesskóla.

* Grunnstoð heldur sameiginlegan fræðslufund fyrir foreldra einu sinni á ári.

# Ágúst
## Fundur formanns með umsjónarkennurum

* Yfirlit yfir helstu verkefni foreldrafélagsins í vetur kynnt
* Rætt um bekkjarfulltrúahlutverkið og hvernig best skuli staðið að vali á bekkjarfulltrúum á haustfundum
* Rætt var um skjal um hlutverk bekkjarfulltrúa
* Skjal kynnt þar sem fram koma hlutverk umsjónarkennara, skólastjóra og stjórnar Foreldrafélagsins
* Rætt var um skjal um afmælisviðmið




# Bekkjarfulltrúastarfinu ýtt úr vör að hausti

## Umsjónarkennari

- Boðar til haustfundar í byrjun september með foreldrum. Þar komi fram mikilvægi bekkjarfulltrúa sem og mikilvægi góðs samstarfs nemenda, kennara og foreldra, einnig mikilvægi þess að foreldrar kynnist en um 10 ára samstarf foreldrahópsins er að ræða og mikilvægt að foreldrar kynnist og eigi gott samstarf.
- Kynnir fráfarandi bekkjarfulltrúa og þakkar þeim fyrir þeirra framlag síðastliðinn vetur.
- Óskar eftir nýjum og áhugasömum bekkjarfulltrúum, tveimur eða fleirum.

    *Til upplýsinga fyrir foreldra í bekknum á haustfundi:*

    - Foreldrafélagið hefur yfirfarið hlutverk bekkjarfulltrúa og sett niður dagsetningar á helstu viðburði félagsins.
    - Lagt er upp með að skipuleggja einn bekkjarviðburð á hvorri önn en Foreldrafélagið hefur sett saman hugmyndabanka um hvað hægt sé að gera.
    - Nýir bekkjarfulltrúar verða boðaðir á fund Foreldrafélagsins fljótlega eftir haustfundi með foreldrum.
    - Stjórn foreldrafélagsins hvetur fráfarandi bekkjarfulltrúa til að mæta á kynningarfund Foreldrafélagsins til að stuðla að samfellu í bekkjarfulltrúasamstarfinu. Nánari upplýsingar verða sendar út þegar dagsetning kynningarfundar liggur fyrir.

- Afhendir nýjum bekkjarfulltrúum samantekt Foreldrafélagsins um hlutverk bekkjarfulltrúa.
- Sendir foreldrum bekkjarlista með símanúmerum og nöfnum þeirra og allra barna í árgangi til að stuðla að góðu samstarfi foreldra og barna í árgangi.
- Minnir foreldra á bekkjarviðburði í samstarfi við bekkjarfulltrúa.
- Aðstoðar bekkjarfulltrúa við skipulagningu bekkjarviðburða, einn viðburður á hvorri skólaönn.

## Skólastjóri

- Sendir stjórn Foreldrafélagsins lista yfir nýkjörna bekkjarfulltrúa.
- Listi yfir bekkjarfulltrúa jafnframt gerður aðgengilegur inni á heimasíðu skólans: nafn, sími og netfang.

## Stjórn Foreldrafélags

- Boðar nýkjörna bekkjarfulltrúa á kynningarfund að loknum haustfundum. Um þrjá fundi er að ræða:
    - 7.-10. bekkur (elsta stig)
    - 4.-6. bekkur (miðstig)
    - 1.-3. bekkur (yngsta stig)
- Á fundinum er starfi bekkjarfulltrúa ýtt úr vör, farið er yfir hlutverk þeirra, foreldraröltið er kynnt og bekkjarfulltrúum afhent skipulag foreldraröltsins þann veturinn. Starfsáætlun stjórnar fyrir 2015-16 kynnt.
- Hugmyndabanki fyrir bekkjarfulltrúa kynntur, þar sem finna má samantekt fyrrum bekkjarfulltrúa og nýta má hugmyndir um bekkjarkvöld.
- Bekkjarfulltrúar fyrra árs verða hvattir til að mæta á þennan fund til að tryggja meiri samfellu í foreldrastarfið innan árgangsins.

Álftanesi, september 2015

Ágæti bekkjarfulltrúi,

Fyrir hönd Foreldrafélags Álftanesskóla viljum við nota tækifærið og þakka þér fyrir að bjóða þig fram. Það er hverjum skóla mikilvægt að foreldrar sýni skólasamfélaginu áhuga og séu tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að efla starfið.

Á undanförnum árum hefur það verið eitt af markmiðum Foreldrafélagsins að skerpa á hlutverki bekkjarfulltrúa, mikilvægi þeirra og hlúa að jákvæðri ímynd. Er bréf þetta liður í þeirri vinnu en innan Foreldrafélagsins leggjum við áherslu á:

- Að a.m.k. tveir foreldrar sinni hlutverki bekkjarfulltrúa innan hvers bekkjar.
- Að staðið sé að skipulögðu bekkjarstarfi í samstarfi við foreldra, nemendur og umsjónarkennara a.m.k. tvisvar sinnum yfir skólaárið (haust og vor).
- Að stuðlað sé að góðu samstarfi bekkjarfulltrúa í sama árgangi varðandi skipulag bekkjarstarfsins og mögulega sameiginlega viðburði.
- Að bekkjarskemmtanir séu tækifæri fyrir foreldra og börn til að hittast og kynnast. Best er að þær séu haldnar með sem minnstum tilkostnaði og ekki er gert ráð fyrir hagnaði af þeim.
- Að umsjónarkennarar séu upplýstir um fyrirhugaðar bekkjarskemmtanir og þeim boðin þátttaka í þeim.
- Að tryggja að bekkjarlistar með símanúmerum og nöfnum bæði foreldra og barna í árganginum séu sendir til foreldra/forráðamanna.
- Að bekkjarfulltrúar skipuleggi og fái foreldra til þátttöku í foreldrarölti vetrarins.
- Að bekkjarfulltrúar séu tengiliðir við stjórn Foreldrafélagsins og miðli upplýsingum frá félaginu til foreldra sé þess óskað.
- Að bjóða nýja foreldra og börn velkomin og hvetja foreldra til þátttöku í bekkjarstarfinu.
- Að bekkjarfulltrúar hvers árgangs haldi utan um Facebook-síðu árgangsins og uppfæri í samræmi við breytingar á bekkjarlistum.
- Að bekkjarfulltrúar leggi inn samantekt um starfið í skólalok.
- Að hvetja bekkjarfulltrúa hvers skólaárs til að mæta á kynningarfund Foreldrafélagsins næsta skólaár til að stuðla að samfellu í bekkjarfulltrúasamstarfinu.

Í september munum við boða ykkur á fund þar sem farið verður nánar yfir starfið framundan og foreldraröltið. Meðfylgjandi er yfirlit yfir árleg verkefni Foreldrafélagsins ásamt dagsetningum helstu viðburða í vetur.

Foreldrafélagið er aðili að Grunnstoð Garðabæjar sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga grunn-skóla í Garðabæ en saman stöndum við m.a. að einum fræðslufyrirlestri yfir skólaárið auk þess sem við eigum áheyrnarfulltrúa í skólanefnd grunnskóla Garðabæjar.

Oft er sagt að lykillinn að árangursríku uppeldis- og forvarnarstarfi sé öflugt og gott samstarf foreldra. Stór þáttur í því er að foreldrar kynnist og nýti vettvang foreldrasamfélagsins til að láta gott af sér leiða. Bekkjarfulltrúar í Álftanesskóla gegna lykilhlutverki í þessu samhengi.

Með von um farsælt samstarf,

Foreldrafélag Álftanesskóla

## Hér má sjá yfirlit yfir helstu verkefni Foreldrafélags Álftanesskóla:

### Foreldrarölt 25. september 2015 – 27. maí 2016

Foreldrafélag Álftanesskóla stendur fyrir foreldrarölti á Álftanesi yfir skólatímann þar sem foreldrar barna frá 1.-10. bekk leggjast á eitt og skiptast á að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Foreldraröltið er framlag okkar foreldra til að gera samfélagið okkar betra og öruggara fyrir börnin. Á hverju hausti leggur stjórn Foreldrafélagsins fram upplýsingar um skipulag og framkvæmd röltsins og kynnir fyrirkomulag vetrarins fyrir bekkjarfulltrúum.

### Jóla- og góðgerðadagurinn 28. nóvember 2015

Frá árinu 2009 hefur Foreldrafélag Álftanesskóla staðið að jóla- og góðgerðadeginum en markmiðið með deginum hefur verið að skapa vettvang í samfélaginu og leggja góðum málefnum lið. Öll helstu félagasamtök á Álftanesi hafa lagt verkefninu lið og tekið þátt í deginum með okkur á einn eða annan hátt. Nemendur og foreldrar ákveðinna bekkja í Álftanesskóla hafa komið að þessum degi með eftirfarandi hætti:

- 10. bekkur hefur séð um kaffisölu en allur ágóði hefur runnið til útskriftarferðar þeirra að vori
- 7. bekkur hefur verið með dekurhorn til styrktar skólaferð þeirra að Reykjum
- 4. bekkur hefur staðið fyrir tombólu (lukkuhjóli) þar sem allur ágóði rennur til þeirra góðgerðafélaga sem nemendur ákveða. Nemendur í 1.-4. bekk hafa lagt verkefninu lið með því að leggja til dót á tombóluna

### Öskudagurinn 10. febrúar 2016

Foreldrafélagið, félagsmiðstöðin Elítan og Álftanesskóli hafa staðið sameiginlega að öskudagsskemmtun. Nemendur í 10. bekk ásamt bekkjarfulltrúum og foreldrum hafa komið að undirbúningi og framkvæmd dagsins en ágóði dagsins hefur runnið í ferðasjóð 10. bekkinga.

### Páskabingó 15. mars 2016

Á hverju vori stendur Foreldrafélagið fyrir páskabingói sem hefur verið ein helsta fjáröflun þess. Við höfum notið stuðnings nemenda í 9. bekk við skipulag og framkvæmd dagsins.

## Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla 2015-2016

Auður S. Arndal, formaður - 891 8785 - audursarndal@gmail.com
Anna María Snorradóttir, varaformaður - 691 3152 - anna.m.snorra@gmail.com
Ingólfur Th. Bachmann, gjaldkeri - 840 1618 - itbach@simnet.is
Elín Hlíf Helgadóttir, ritari - 660 1361 - elinhlif@gmail.com
Eiríkur Ágúst Guðjónsson, meðstjórnandi - 699 8692 - sveitakall@simnet.is
Hafrún Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi - 617 7610 - hafrun.thorvaldsdottir@on.is
Selma Dagbjört Guðbergsdóttir, meðstjórnandi - 893 9406 - selma@goseco.com

## Fulltrúar foreldra í skólaráði Álftanesskóla 2015-2016

Jóhanna S. Snorradóttir - 695 4321 - johanna@isfiskur.is
Ásta Leonhards - 862-8633 - astaleo@gmail.com
Eiríkur Ágúst Guðjónsson - 699 8692 - sveitakall@simnet.is

## Ýmsar hagnýtar upplýsingar má finna á heimasíðu skólans undir:

http://www.alftanesskoli.is/foreldrar/foreldrafelag

## Við erum líka á Facebook:

https://www.facebook.com/ForeldrafelagAlftanesskola

# September
## Fundir með nýjum bekkjarfulltrúum

* Fulltrúar úr stjórninni héldu fundi með nýjum bekkjarfulltrúum í september
* Haldnir voru þrír fundir: fyrir 1.-3. bekk, 4.-6. bekk og 7.-10. bekk.
* Rætt var um hlutverk bekkjarfulltrúa, foreldraröltið var kynnt sem og afmælisskjalið

# Október
## Þegar mynd segir meira en 1000 orð

* 21. október bauð Foreldrafélag Álftanesskóla öllum nemendum í 5.-10. bekk upp á fræðslufyrirlestur sem kallast: **„Þegar mynd segir meira en 1000 orð“**. Fræðslan var í höndum Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, höfundar verðlaunamyndanna „Fáðu já!“ og „Stattu með þér!“ sem notaðar hafa verið í kennslu í grunnskólum landsins.
* Um var að ræða fræðslu um öryggi í stafrænum samskiptum.
* Fræðsla Þórdísar Elvu var í tvennu lagi, fyrir 5.-7. bekk og fyrir 8.-10. bekk. Ekki voru þetta nákvæmlega sömu fyrirlestrarnir þar sem tekið var mið af aldri og þroska barnanna.
* Lionsklúbbur Álftaness veitti foreldrafélaginu styrk vegna þessa verkefnis.

# Október
## Fundur með bæjarstjóra

* Fulltrúar skóla, Foreldrafélags og nemenda fóru á fund Gunnars, bæjarstjóra Garðabæjar
* Tilgangurinn var að minna á niðurstöður fundar bæjarráðs Garðabæjar frá 12. maí sl. og fá fréttir af stöðu mála.
* Í samþykktinni frá 12. maí segir: "bæjarráð samþykkir að áfram verði unnið að greiningu og skoðun á húsnæðismálum Álftanesskóla sem komi til nánari skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016."

# Nóvember
## Afmælisskjalið

* Síðasta vetur var kynnti Foreldrafélagið hið svokallaða afmælisskjal
* Þarna eru ábendingar um það sem gott er að hafa í huga þegar nemendur bjóða bekkjarsystkinum sínum í afmæli
* 5. nóvember skrifaði skólastjóri undir þetta skjal og staðfesti þar með að skóli og foreldrar vinna í sameiningu að því að koma á góðum venjum varðandi boð í afmæli, þar sem þess skal gætt að enginn sé skilinn útundan
* Í kjölfarið var skjalið sent á alla foreldra

# Gott að hafa í huga við afmæli skólabarna

Góður bekkjarbragur skiptir máli. Það að tilheyra hópnum, búa við öryggi og líða vel er þáttur sem við foreldrar getum haft mikil áhrif á. Einn liður í þessu er samræmi í afmælisboðum en hvernig og hverjum er boðið í afmæli getur verið viðkvæmt meðal barna. Í upphafi hvers skólavetrar er gott að við foreldar ræðum þessi mál. Markmiðið með þessu er að koma í veg fyrir að eitt barn eða fá séu óvart skilin út undan.

Til að heimili og skóli starfi í takt höfum við tekið saman nokkur atriði sem gott er að hafa í huga og vert er að vekja athygli foreldra á:

**Boðsmiðar í afmæli á skólatíma**

Í samráði við viðkomandi umsjónarkennara er hægt að dreifa boðsmiðum, merktum hverjum boðsgesti, í afmæli á skólatíma en það skal gert að uppfylltu einu þessara atriða:

- Að öllum strákum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið
- Að öllum stelpum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið
- Að öllum nemendum í bekk eða árgangi afmælisbarnsins sé boðið

Ef boðsmiða fyrir einn eða fleiri nemendur vantar hefur kennari samband við foreldra og lætur vita svo unnt sé að bæta úr þannig að dreifing miðanna geti farið fram.

Það getur verið gott að nýta Mentor til að láta foreldra vita að afmælisboðsmiðum hafi verið dreift í skólanum eða árgangasíður okkar á Fésbókinni eigi það við. Komið hefur fyrir að nemendur gleymi afmælisboðsmiða í töskunni sinni og missi þar af leiðandi af afmæli.

Stundum útbúa börnin boðsmiðana sjálf og getur verið gott fyrir foreldri að yfirfara þá og tryggja að allt sé eins og það á að vera svo unnt sé í samráði við umsjónarkennara að dreifa miðunum í skólanum.

**Boðsmiðar í afmæli utan skólatíma**

Ef ætlunin er að bjóða fáum nemendum í bekk afmælisbarnsins eða fáum úr báðum bekkjum hvort sem það eru stelpur eða strákar eru foreldrar beðnir um að dreifa boðsmiðum utan hefðbundins skólatíma.

**Hvað á að gefa?**

Á hverju hausti mælumst við til að foreldrar ræði og komi sér saman um leiðbeinandi viðmið varðandi afmælisgjafir og upphæðir ef um peningagjafir er að ræða.

**Að lokum**

Foreldrafélag Álftanesskóla hvetur foreldra til að eiga gott samstarf sín á milli meðan skólaganga barnanna stendur yfir og minnir á að gott samstarf foreldra er grunnur að góðu og virku forvarnarstarfi.

*Foreldrafélag Álftanesskóla,*

*samþykkt á stjórnarfundi 2. júní 2015*

*Álftanesskóli 5. nóv. 2015*

*Sveinbjörn Markús Njálsson*

*skólastjóri*

# Nóvember
## Ást gegn hatri

* Foreldrafélagið í samráði við skólastjóra bauð nemendum í 4.-7. bekk, ásamt foreldrum þeirra, upp á fræðslufyrirlestra um eineltismál sem kallast "Ást gegn hatri".
* Þetta er fræðsluátak sem félagasamtökin Erindi standa fyrir í samstarfi við feðginin Selmu Björk Hermannsdóttur og Hermann Jónsson. Meginstef þessa fræðsluátaks er að mæta hatri með ást.
* Þetta er jafningjafræðsla sem fór þannig fram að Selma Björk, framhaldsskólanemi, kom í skólann og ræddi við nemendur um upplifun sína og reynslu af einelti. Faðir hennar, Hermann, hitti svo foreldrana að kvöldi til og miðlaði af reynslu sinni sem foreldri barns sem lagt hefur verið í einelti.
* Lionsklúbburinn Seyla veitti styrk vegna þessa verkefnis.

# Ætlar þú líka að verða besti pabbi í heimi?*

## Fræðslufundur í sal Álftanesskóla fyrir alla foreldra miðvikudagskvöldið 25. nóv. kl. 20:00

**Hermann Jónsson spjallar um markmið í uppeldi, hlutverk foreldra og eigin reynslu. Hermann er faðir Selmu Bjarkar sem þolað hefur alvarlegt einelti.**

*http://www.pressan.is/pressupennar/Lesa_HermannJ/eg-aetladi-ad-verda-besti-pabbi-i-heimi

https://www.facebook.com/astgegnhatri/?fref=ts

# Nóvember
# Jóla- og góðgerðadagur

* Jóla- og góðgerðadagurinn var haldinn 28. nóvember
* Dagurinn gekk vel í alla staði, þrátt fyrir ófærð úti
* Samvinna var við Garðabæ sem stýrði jólatrésskemmtun úti er dagskránni lauk innanhúss
* Vel gekk að fá skemmtiatriði og að venju gáfu allir vinnu sína
* Lionsmenn og Kvenfélagskonur lögðu Foreldrafélaginu lið við undirbúning og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir
* Foreldrafélag Álftanesskóla færði skólanum bókagjöf



ALLIR VELKOMNIR
Jóla- og góðgerðadagurinn
Íþróttamiðstöðinni Álftanesi,
laugardaginn 28. nóvember kl. 12.00 – 16.00
Handverksmarkaður, hönnunarvörur, kaffisala og fleira
Kynnir: Ingrid Kuhlman
DAGSKRÁ
12.30-13.00 Setning: Auður S. Arndal, formaður Foreldrafélags Álftanesskóla
Álftaneskórinn undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar flytur nokkur lög
13.00-13.30 Nemendur úr 9. bekk Álftanesskóla í Dansskóla Birnu Björns sýna dans
Nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar, Álftanesi, leika nokkur lög á flautur, undir stjórn Lindu Margrétar Sigfúsdóttur
13.30-14.00 Tristan Snær Viðisson og Svandís Ósk Einarsdóttir í DÍH sýna latíndansa
14.00-14.30 Tískusýning - nemendur úr 5. bekk sýna eigin hönnun - Grænfánaverkefni Álftanesskóla
Barna- og unglingakór Hafnarfjarðarkirkju syngur nokkur lög undir stjórn Helgu Lofts-dóttur við undirleik Önnu Magnúsdóttur
14.30-15.00 Stúlkur í 2.-3. bekk Álftanesskóla á námskeiðinu Dansfjör dansa Freestyle-dansa
Jóna Valborg Árnadóttir les úr nýútgefinni barnabók sinni, Vinabókinni
15.00-15.30 Guðrún Óla Jónsdóttir, keppandi í The Voice Ísland, syngur nokkur lög
Alda Dís Arnardóttir, sigurvegari Ísland Got Talent 2015, syngur nokkur lög
15.30-16.00 Hraðbingó Lions - allir spila - ókeypis bingóspjöld - veglegir vinningar
16.15-16.45 Kveikt á jólatrénu úti og jólasveinar mæta á svæðið
DANS OG SÖNGUR
KAFFI-SALA
LUKKU-HJÓL
Lionsklúbburinn Seyla og Lionsklúbbur Álftaness bjóða upp á ókeypis blóðsykursmælingar.
Hægt er að panta sölu- og kynningarborð fyrir 27. nóv. í gegnum netfangið godgerdadagur@gmail.com.
Hvert söluborð kostar 4000 kr. Upphæðin rennur óskipt til góðs málefnis.
Líknarsjóður Álftaness tekur á móti AUKApokkanum og Rauði krossinn tekur á móti fatapokanum.
Nemendur úr 10. bekk Álftanesskóla verða með kaffisölu.
Nemendur úr 7. bekk verða með dekurhorn.
Nemendur úr 6. bekk verða með jólamerkimiða til sölu.
Nemendur úr 4. bekk verða með lukkuhjól og allur ágóði mun renna til góðra málefna.
GARÐABÆR
Foreldrafélag Álftanesskóla og hin ýmsu félagasamtök

# Nóvember
## Fjáraflanir á Jóla- og góðgerðadag

* 4. bekkur var með Lukkuhjólið sitt og hefur aldrei safnast jafnvel og nú. Bekkirnir völdu að styrkja Barnaspítala Hringsins og Unicef. Fulltrúar Unicef munu heimsækja 4. bekk nú í maí.
* 6. bekkur seldi jólamerkimiða
* 7. bekkur var með dekurhorn
* 10. bekkur var með kaffisölu
* Ágóði af leigu söluborða rann til Líknarsjóðs Álftaness

# Desember
## Fundur Grunnstoðar með bæjarstjóra

* Fulltrúar Foreldrafélags Álftanesskóla í Grunnstoð fengu tækifæri til að bera upp erindi við bæjarstjóra
* Ræddum við m.a. húsnæðismál Álftanesskóla og Frístundar
* Við fengum þær fréttir að hönnunarvinna vegna stækkunar skólans er að fara í gang og Frístund fær að vera í Vallarhúsinu svokallaða þar til önnur varanleg lausn er komin


Öskudagsskemmtun 2016
Miðvikudaginn 10.febrúar
Frá 16:00-18:00
Íþróttamiðstöð Álftaness
Aðgangseyrir: 500kr
1 pitsu sneið og gos: 500kr
2 pitsu sneiðar og gos: 700kr
-Draugahús
-Spákona
-Hoppukastalar
-Andlitsmálun
-Ljósmyndun
-Risaróla
-Þrautabraut
-Innibandý

# Febrúar
## Öskudagsskemmtun

* Öskudagsskemmtunin var haldin 10. febrúar
* Þessi dagur vekur alltaf mikla lukku og er ákaflega skemmtilegt verkefni
* Almenn ánægja virðist vera bæði meðal barna og foreldra með að svona skemmtun skuli haldin hér í bæjarfélaginu

# Febrúar
## Öskudagsskemmtun

* Öskudagsskemmtunin er samstarfsverkefni nemenda í 10. bekk, bekkjarfulltrúa í 10. bekk og annarra foreldra, Foreldrafélagsins, Elítunnar og skólans. Gekk samstarfið ákaflega vel og erum við ánægð með daginn.
* Skemmtunin er fjáröflun 10. bekkinga. 80% af ágóða dagsins rennur í útskriftarsjóð þeirra og 20% nota nemendur til að færa Elítunni kveðju- og þakkargjöf .
* Í ár gáfu nemendur Elítunni Apple TV og áskrift að Netflix
* Foreldrafélagið hefur í vetur unnið að því að útbúa vinnuskjal fyrir öskudagsskemmtunina þar sem hlutverk og ferli eru útlistuð.


PÁSKABINGÓ
Þriðjudaginn 15.mars
Fyrir nemendur og foreldra
barna í 1.-6. bekk:
í íþróttasalnum
Húsið opnar kl. 17.15
Bingóið hefst: 17.30
ALLIR VELKOMNIR
Fyrir nemendur í 7.-10. bekk:
í hátíðarsal Íþróttamiðstöðvar
Húsið opnar kl. 19.45
Bingóið hefst: 20.00
Verð á spjaldi: 400 kr.
Tvö spjöld: 700 kr.
Pizza og drykkur 500 kr.
FRÁBÆRIR VINNINGAR Í BOÐI
Foreldrafélag Álftanesskóla

# Mars
## Páskabingó

* Foreldrafélagið stóð fyrir páskabingói sem haldið var 15. mars kl. 17:30 fyrir 1.-6. bekk og kl. 20:00 fyrir 7.-10. bekk
* Andrés Ingólfsson var bingóstjóri
* Í tilefni 40 ára kaupstaðarafmælis Garðabæjar ákvað stjórn foreldrafélagsins að gefa öllum börnum sem mættu í bingóið lítið páskaegg að gjöf áður en heim var farið

# HVERNIG LÍÐUR BÖRNUNUM OKKAR?

Fyrirlestur í Sjálandsskóla, þriðjudaginn 19. apríl 2016 kl. 20



Dagskrá:

**Hagir og líðan grunnskólabarna í Garðabæ**

*Margrét Lilja Guðmundsdóttir félagsfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu*

**Hlé**

**Betri svefn - grunnstoð heilsu**

*Dr. Erla Björnsdóttir sálfræðingur hjá Betri svefni, www.betrisvefn.is*

Garðabær INTERNATIONAL SCHOOL of Iceland ÁLFTANESSKÓLI Flataskóli Garðabæ Garðaskóli Garðabæ Hofsstaðaskóli Garðabæ SJÁLANDSSKÓLI Hjallastefnan

Grunnstoð Garðabæjar er samstarfsvettvangur foreldrafélaga og skólaráða í grunnskólum Garðabæjar.

# Apríl
## Grunnstoð

* Sameiginlegur fræðslufyrirlestur Grunnstoðar var haldinn 19. apríl
* Hann var ætlaður öllum foreldrum grunnskólabarna í Garðabæ
* Fjallað var um niðurstöður rannsóknar sem gerð var um hagi og líðan barna í Garðabæ
* Fræðsla var veitt um mikilvægi góðs svefns á uppvaxtarárum og rætt um það hvað kemur í veg fyrir að börn hvílist nóg
* Þetta voru ákaflega fróðlegir fyrirlestrar en mæting foreldra var heldur dræm

# Foreldrarölt

* Umsjónarmenn foreldraröltsins í vetur voru stjórnarmennirnir: Anna María og Selma
* Röltið hefur almennt gengið vel
* Áminningar til hvers árgangs hafa gengið smurt og vel gengið að manna röltið

# Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla veturinn 2015-2016 þakkar fyrir sig

☺

# Erindi

**Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum verða skólastjórnendur með erindi um námsmat og nýjan námsmatskvarða í 10. bekk sem búið er að innleiða í Álftanesskóla samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og áhrif þess á námsmatskvarða í 1.-9. bekk í Álftanesskóla. Einnig munu þeir ræða áhrif af styttingu náms í framhaldsskóla á nám í grunnskóla.**